

GBS - BETA HEMOLYTISKIR STREPTOKOKKAR AF GRÚPPU B Á MEÐGÖNGU

Ekki hefur verið mælt með skimun fyrir GBS meðal allra barnshafandi kvenna hér á landi.

Mælt er með að ákveðnir hópar kvenna fái sýklalyf í fæðingu til að fyrirbyggja GBS sýkingu nýbura. Ekki þarf að gera GBS leit hjá þessum konum.

- Hafi kona áður fætt barn með GBS sýkingu
- GBS hefur greinst í þvagi á meðgöngunni
- GBS hefur greinst í stroki frá leggöngum á meðgöngunni

Ef kona á að fá sýklalyf í fyrirbyggjandi skyni í fæðingu er talið nauðsynlegt að það sé gefið í æð til að ná sem fyrst hárrí blóðþéttni til að lækka GBS magn í fæðingarvegi móðurinnar. Ekki hefur verið sýnt fram á með rannsóknum að þer os meðferð í fæðingu verndi nýbura fyrir GBS sýkingu.

Hafi kona áður greinst með GBS eða hún óskar eftir GBS leit er mælt með því að taka sýni við 36 vikna meðgöngu. Ef sýni er neikvætt er forspárgildi 95-98% næstu 5 vikurnar og því er ekki þörf á sýklalyfjagjöf í fæðingu.

Ræktunarsýni er tekið með almennum ræktunarpinna og strokið neðst í leggöngum, á spöng og í endaparmi, allt á sama pinna í þessari röð. Beiðni er skrifuð um GBS leit (hún er mun ódýrari en almenn ræktun).